

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði og verslunarhúsnæði ..	minnst 10.30 en mest 18.00 kr/m ³
Annað húsnæði	— 7.70 — — 18.00 —

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 1 600.00 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr. skal vera kr. 7.90 á hvern rúmmeter vatns.

4. gr.

Gjalddagi vatnsskatts.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til skrifstofu Stokkseyrarhrepps.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lógtaki, og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitu Stokkseyrar skal greiða tengigjald kr. 20.00 pr. m³, þó aldrei lægri upphæð en kr. 10 000.90 fyrir hús.

6. gr.

Framantalin gjöld skv. 3. og 6. gr. eru miðuð við byggingarvísitölu 1290 stig og breytast ætíð miðað við nýja byggingarvísitölu, þó ekki meir en 50% án samþykkis ráðuneytis.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1975 er 15. febrúar.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Eyrarbakkaahrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarbakkaahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir.

2. gr.

Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps hefur á hendi yfirstjórn vatnsveitunnar og sér um fjárreiður og bókhald.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins árlega, og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til 4 ára í senn, skipuð 3 aðalmönnum og jafnmörgum til vara búsettum á Eyrarbakka, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar í samráði við oddvita og hreppsnefnd, sem ákveður þóknun vatnsveitunefndar.

Að einróma tillögu vatnsveitunefndar getur hreppsnefnd ákveðið að ráða sérstakan umsjónarmann til að annast framangreind störf í þágu veitunnar, ásamt öðrum störfum er honum kunna að verða falin.

4. gr.

Hverjum húseiganda er rétt að tengja hús sín við vatnsveituna og hlíta þeim reglum um greiðslu stofngjalda sem reglugerðin setur.

Vatnsveitan annast lagningu dreifiaða frá aðalveitunni inn fyrir lóðarmörk, greiðir allan kostnað við þær og annast viðhald þeirra. Hverjum lóðarhafa ber að greiða kostnað af lagningu heimæða frá lóðarmörkum að húsum á lóðinni.

Engar heimæðar má leggja um lóðir, né lagnir um hús, nema samkvæmt uppdráttum, sem byggingarsamþykkt kveður á um og samþykktir hafa verið af byggingarfulltrúa.

5. gr.

Skýlt er hverjum húseiganda að tilkynna tafarlaust ef leki kemur að vatnsæðum, eða útbúnaði þeirra er ábótavant.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveitukerfið án leyfis. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Hreppsnefnd getur krafist þess að tillögu vatnsveitunefndar, að notendur, sem nota vatn til annarra þarfa en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, er þeir stunda, eða af öðrum ástæðum, hafi á vatnskerfi sínu vatnsmæli, sem mæli alla vatnsnotkun notandans.

Með sama hætti getur hreppsnefnd einnig krafist þess, að slíkir notendur, sem annað tveggja hafa mjög mikla vatnsnotkun eða notkun, sem felur í sér hættu á óþarfri vatnseyðslu, láti setja á kerfi sín hemla, sem takmarka rennsli til þeirra. Við ákvörðun slíks hámarksrennslis skal hafa hliðsjón af eðlilegri og nauðsynlegri notkun notandans og því vatnsmagni, sem ætla má að vatnsveitan hafi til ráðstöfunar.

7. gr.

Skýlt er þeim, sem nota vatn úr vatnsveitunni, að fara eftir fyrirmælum veitunnar um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annað það, sem lýtur að vatnslögnum í og við hús þeirra. Heimilt er umsjónarmönnum veitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotanda til þess að athuga vatnslagnir og gera ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem þeir telja nauðsynlegar.

Loka má fyrir vatn meðan hreinsun og viðgerð fer fram á geymum eða æðum veitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrirfram, ef þess er kostur.

8. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að tilkynna bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt eða stofngjald á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar.

9. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

10. gr.

Hver sá, sem veldur skaða eða skemmdum á vatni eða veitukerfi greiði fullar fébætur, auk sekta, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

11. gr.

Áður en tenging heimæðar fer fram, sbr. 4. gr., skal húseigandi greiða stofngjald. Gjaldið miðast við rúmmál viðkomandi húss, sbr. 14. gr.

Þegar hreppsnefnd gerir kröfu um uppsetningu vatnsmælis eða hemils samkvæmt 6. grein, ber hverjum vatnsnotanda að greiða andvirði mælisins og hemilsins, kostnað við uppsetningu þeirra og viðhald samkvæmt reikningi vatnsveitunnar.

12. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Eyrarbakkahrepps, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt samkvæmt 14. grein þessarar reglugerðar eins og grein þessi kveður á um, og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr vatnsveitukerfi Vatnsveitu Eyrarbakkahrepps.

Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildargrunnmat hvorrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Þó skal vatnsskattur hvorrar fasteignar hlíta ákvæðum um hámarks- og lágmarksgjald af hverjum rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð, sem eru lagðar til grundvallar mati fasteignarinnar.

Enn fremur skal vatnsskatturinn hlíta ákvæði um lágmarksskatt af hverri nútíma fasteign.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist vatnsskattur samkvæmt fasteignamati lóðarinnar.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat muni verða á eigninni fullfrágenginni.

Um hús, sem eru í byggingu og því eigi virt fasteignamatsvirðingu, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Vatnsskattur skal lagður á öll hús í byggingu samkvæmt ákvæðum 1. og 8. mgr. hér á undan, ef lokið er við steypu á efstu plötu, ellegar ef þakúttekt hefur farið fram.

2. Miða skal upphaf vatnsskattsálagningar við úttektardagsetningu byggingarfulltrúans á Eyrarbakka, ef hún er fyrir hendi, annars áætlað vatnsveitan viðkomandi dagsetningu.
3. Vatnsskatturinn skal reiknast á 1. ári hlutfallslega frá þeim mánuði, sem úttektin átti sér stað.
4. Hafi bygging verið lengur en þrjú ár í smíðum án þess að verða vatnsskattshæf samkvæmt framangreindum reglum, skal reikna vatnsskatt af mannvirkjum eins og þau væru fullfrágengin.

Þriggja ára tímabilið skal reiknast frá þeim tíma, er úttekt á grunni byggingarinnar fór fram samkvæmt bókun byggingarfulltrúans á Eyrarbakka.

13. gr.

Af húsum þeim, sem vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur, samkvæmt 14. grein þessarar reglugerðar.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, sbr. 6. gr., en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

Sé vatn látið af hendi úr brunahönum eða öðrum vatnstökustöðum, sem almennur vatnsskattur er eigi greiddur af, skal endurgjaldið vera 100% herra fyrir hvern rúmmetra heldur en krafist er af almennum aukavatnsskattsgreiðendum auk útlagðs kostnaðar vegna vatnstökunnar.

14. gr.

Stofngjald samkvæmt 11. grein þessarar reglugerðar skal nema kr. 20.00 af hverjum rúmmetra húss, allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 13.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram, en þó skal stofngjaldið aldrei vera lægra en kr. 20 000.00.

Vatnsskattur samkvæmt 12. grein þessarar reglugerðar skal nema 1.2% (12 af þúsundi) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskatturinn skal þó aldrei vera lægri en sem svarar kr. 11.40 af hverjum rúmmetra verslunarhúsnæðis og kr. 8.60 af hverjum rúmmetra annars húsnæðis. Á sama hátt skal hann aldrei vera hærri en kr. 20.00 af hverjum rúmmetra af hvaða húsnæði sem er.

Vatnsskattur af hverri fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 3000.00.

Aukavatnsskattur samkvæmt 13. grein skal vera kr. 8.80 á hvern rúmmetra vatns, þegar selt er um mæli, en kr. 17.60, þegar selt er án mælis.

Öll gjöld samkvæmt þessari grein eru miðuð við vísitölu Hagstofu Íslands um byggingarkostnað 1290 stig og skulu breytast í samræmi við hana, þó ekki yfir 50% án samþykkis ráðuneytis.

15. gr.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga um leið og fasteignaskattur og ber að greiða hann til skrifstofu Eyrarbakkahrepps.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 13. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 3 gjalddögum í lok hvers ársþriðjungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1975 er 15. febrúar.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

23. janúar 1975.

Nr. 29.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar.

Árlegur vatnsskattur.

1. gr.

- 1.1 Fyrir vatnsnotkun skal greiða árlega vatnsskatt af öllum húsum í lögsagnar-umdæmi Ísafjarðar, sem fá vatn frá vatnsveitunni.
- 1.2 Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 19. apríl 1963. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.4% af fasteignamati húss og lóðar.

Lágmarksupphæð árlegs vatnsskatts fyrir hverja skattskylda fasteign skal þó aldrei vera lægri en kr. 2 700.00.

Aldrei skal reikna vatnsskatt af húsi það ár er bygging þess hefst. Hafi hús verið tengt vatnsveitunni en ekki verið virt fasteignamati skal reikna lágmarks-vatnsskatt.

Aukavatnsskattur.

2. gr.

- 2.1 Auk vatnsskatts samkvæmt gr. 1.2 skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðabvottastöðvar, svo og skulu þeir aðrir greiða aukavatnsskatt, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.
- 2.2 Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 5.40 per rúmmetra vatns.
- 2.3 Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 2 500.00.
- 2.4 Vatnsveitan ákveður verð, skilmála og tilhögun á vatnssölu til skipa í samráði við hafnarnefnd.
- 2.5 Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Um ábyrgð á greiðslu og fleira.

3. gr.

- 3.1 Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss.
Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnu-
reksturs.
Útgerðarmaður skips og/eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skipa.
Vatnsskattur greiðist á skrifstofu bæjarsjóðs Ísafjarðar.